SNÆFELLSJÖKULL
NATIONAL PARK

# Snæfellsjökulsþjóðgarður

## Aðgerðaáætlun



UMHVERFIS
STOFNUN

# Aðgerðaáætlun 2025 - 2027

Aðgerðaáætlun þessi er forgangsröðun þeirra aðgerða sem brýnast er að fara í til að verndargildi Snæfellsjökulsþjóðgarðs haldist. Aðgerðirnar miða jafnframt að því að viðhalda og bæta upplifun og öryggi gesta svæðisins. Aðgerðirnar styðja við leiðarljós stjórnunar- og verndaráætlun um framtíðarsýn Þjóðgarðsins. Neðangreindar aðgerðir eru annars vegar aðgerðir næstu þriggja ára, m.a. í samræmi við verkefnaáætlun Landsáætlunar um uppbyggingu innviða (Landsáætlun) og hins vegar önnur verkefni sem geta verið reglubundnar aðgerðir eða sértækar sem stefnt er að skv. stjórnunar- og verndaráætlun. Áætlunin er uppfærð árlega í samræmi við úthlutun úr Landsáætlun. Náttúruverndarstofnun er ábyrgðaraðili aðgerðanna.



# Árlegar eða reglulegar aðgerðir

# Árlegar - reglulegar aðgerðir

***Regluleg vöktun og eftirlit***

- Ástandsmat verði unnið árlega á fjölsóttum áfangastöðum ferðamanna.
- Samhliða ástandsmati verður áætlun um úrbætur unnin fyrir hvern metinn stað.
- Þjóðgarðurinn skipuleggi reglulega hreinsun strandarinnar.
- Árlega verði vöktun á útbreiðslu framandi tegunda plantna innan þjóðgarðsins og ágengar tegundir verði upprættar.
- Fylgst verði með jarðvegsrofi og gripið til viðeigandi ráðstafana eftir þörfum.
- Árlega verði vöktun á breytingum á völdum stofnum villtra dýra og fugla innan þjóðgarðsins í samstarfi við þar til bæra aðila.
- Menningarminjar verði vaktaðar í samvinnu við Minjastofnun.
- Regluleg vöktun verði á hættu við áfangastaði með ströndinni og í Vatnshelli með tilliti til hrunhættu.
- Villustígum verði lokað og gróður á þeim endurheimtur.
- Fylgst verði með hvort sauðfjárbeit valdi álagi á gróður.
- Áhrif þyrluflugs og notkun fjarstýrðra loftfara verði metin árlega.
- Dregið verði úr losun $CO_2$ í starfsemi þjóðgarðsins. Orkunotkun verði bætt t.d. með betri einangrun húsnæðis, stillingu ljósatíma, útskipti orkufrekrar lýsingar.

***Samráðsfundir, samstarf og upplýsingar***

- Heimasíða þjóðgarðsins verði uppfærð reglulega.
- Þjóðgarðurinn bjóði skólum á svæðinu upp á fræðslu og upplýsingar um málefni hans og náttúruvernd almennt.
- Þjóðgarðurinn boði til opinna íbúafunda þar sem málefni hans verða kynnt og rædd.
- Þjóðgarðurinn taki þátt í viðburðum tengdum ferðaþjónustu og markaðssetningu.
- Þjóðgarðurinn boði árlega til samráðsfundar með Vegagerðinni.
- Árlega boði þjóðgarðurinn minjavörð Vesturlands og Minjastofnun Íslands til samráðs- og samstarfsfundar.
- Aðgerðaáætlun verði uppfærð árlega.
- Ár hvert verða verkefni sjálfboðaliða innan þjóðgarðsins skipulögð.
- Innviðir skulu lagfærðir eftir þörfum og stuðla að náttúruvernd og öryggi fólks.
- Árlega er fylgst með ástandi bygginga og gerðar ráðstafanir um úrbætur eftir þörfum.
- Reglubundið viðhald verði á stígum, stikum og merkingum á ferðaleiðum.
- Eftirlit verði með vetrarfærð á göngustígum og gerðar ráðstafanir vegna hálku og aurbleytu.
- Öryggi ferðamanna verði sérstaklega vaktað í ljósi hrun- og fallhættu.
- Öryggis- og neyðarbúnaður yfirfarinn árlega.

- Tryggt skal að öryggisáætlun fyrir þjóðgarðinn sé ávallt uppfærð samkvæmt nýjustu upplýsingum.
- Árlega verður viðburður í þjóðgarðinum sem sérstaklega er beint til nærsamfélagsins.
- Árlega verði gert mat á ástandi reiðleiða og hvort þörf sé á breytingum á legu þeirra til að koma í veg fyrir álag á gróður og lífríki.
- Skiltum verði viðhaldið uppfærð reglulega.

# Aðgerðir - Landsáætlun um uppbyggingu innviða

# Aðgerðir 2025

- Hönnun á göngustígum og afþreyingarsvæði á Malarrifi.
- Útilýsing sett upp við göngustíg að Malarrifsvita.
- Viðburðar- og áningapallur við gestastofuna á Malarrifi.
- Leiksvæði við gestastofu á Malarrifi endurbætt og tækjum fjölgað.
- Lokið verður við móttöku- og áningarstað við Saxhól.
- Fræðsluskilti um jarðfræði á utanverðu Snæfellsnesi sett upp við Saxhól.
- Lokið verði við endurnýjun á stikum og merkingum við gönguleiðir.
- Ný aðkomu- og fræðsluskilti sett upp við Svalþúfu.
- BráðabIrgðar salerni sett upp við efra bílastæði Djúpalóni.
- Minjaheildarsvæði á Öndverðanesi.
- Lokið verði við deiliskipulag á svæðinu við Malarrif og Öndverðanesi.
- Göngustígar bættir á Öndverðanesi.
- Fræðsluskilti sett upp við Skarðsvík.
- Skilti með upplýsingum um jökla og jöklaferðir sett upp við jökulinn.
- Vegvísar og færðlsuskilti sett upp við salerni á Djúpalóni.
- Göngustígar milli Svalþúfu og Malarrifs lagfærðir.
- Frumgreining á uppbyggingu göngu- og hjólastíga.
- Lokið við endurgerð og varðveislu á Gufuskálavör.
- Fræðsluskilti við Gufuskálavör.
- Fræðsluskilti við Írskrabrunn.

# Aðgerðir 2026

- Bílastæði við Svalþúfu lagfært og stækkað.
- Bílastæði í Skarðsvík stækkað og malbikað.
- Hönnnun og framkvæmd göngustíga og afþreyingarsvæðis á Malarrifi.
- Hönnun og uppbygging útsýnispalls við Malarrifsvita.
- Bílastæði við Saxhól malbikað.

# Aðgerðir 2027

- Áætlun í vinnslu

# Aðrar aðgerðir sem styðja við stefnu Snæfelljökulsþjóðgarðs

# ÁRIÐ 2025

Vegir og bílastæði

- Óskað verði eftir auknu viðhaldi vega í og við þjóðgarðinn við Vegagerðina.
- Óskað verði eftir að skilgreindum vetrarþjónustudögum verði fjölgað.

Ferðaleiðir

- Reiðleiðir og áningarstaðir verði merktir á kortum þjóðgarðsins.
- Bæta kerfi varðandi forgangsröðun eftirlit og viðhaldsþörf á göngustígakerfi þjóðgarðsins.
- Áætlun gerð um fleiri hringleiðir í þjóðgarðinum.
- Gamlar þjóðleiðir verði skilgreindar og merktar í samráði við minjavörð Vesturlands.
- Leiðbeinandi skilti um hjólreiðar á gönguleiðum unnin.
- Upplýsingar um tjaldstaði og umgengni verði gerðar aðgengilegar á heimasíðu Þjóðgarðsins.
- Leiðbeiningar um umgengni og hættur sem fylgja ferðum á Jökulinn verði á heimasíðu þjóðgarðsins.

Skilti

- Sett verði upp fræðsluskilti um umgengni við refi innan þjóðgarðsins.

Annað

- Endurskoða og uppfæra fornleifaskráningu í samvinnu við Minjastofnun Íslands og sveitarfélagið.
- Úttekt gerð á hættu sem að menningarminjum stafar vegna náttúrurofs í samvinnu við Minjastofnun.
- Örnefni í þjóðgarðinum kortlögð.
- Lokið verði við gerð atvinnustefnu fyrir þjóðgarðinn.
- Gerð verði fræðsluáætlun fyrir Þjóðgarðinn.
- Bæklingar Þjóðgarðsins verði endurnýjaðir og aðgengilegir á heimasíðunni.
- Efnistökustaðir kortlagðir og áætlun gerð um frágang þeirra.
- Unnið að því að græða upp gamlar námur.

# ÁRIÐ 2026

***Ferðaleiðir***

- Settar verði upp leiðbeiningar um notkun göngustafa á viðkvæmum svæðum.
- Endurskoðuð verði greining á göngustígum og áningarstöðum sem unnt er að gera aðgengilega fólki með fötlun og áætlun um uppbyggingu þeirra unnin.
- Hjólagrindur settar upp við gestastofur og á fjölmennum áningarstöðum.
- Skilgreindar verða þær leiðir sem ekki er heimilt að fara um á reiðhjólum og verða þær merktar sérstaklega með skiltum við upphaf leiðanna.

***Vegir og bílastæði***

- Óskað verði eftir því við Vegagerðina að settar verði upp vegmerkingar og vegstikur þar sem þeirra er þörf.
- Gerð verði þarfagreining á stækkun og fjölgun á bílastæðum og útskotum á vegi um Eysteinsdal og Jökulháls í samráði við Vegagerðina.

***Annað***

- Þjóðgarðurinn setji upp áætlun til þess að takast á við gróðurelda.
- Upplýsingar um ástand jökulsins verði aðgengilegar hjá þjóðgarðinum.
- upplýsingar um tilkynningar um ferðir á jökulinn settur upp á heimasíðu Þjóðgarðsins og í gestastofur.
- Gerðar verði leiðbeiningar um umferð hrossa í samráði við hagsmunaaðila.
- Settur verði hlekkur á heimasíðu þjóðgarðsins þar sem reiðmenn geta tilkynnt um ferðir sínar í þjóðgarðinum og sótt um leyfi þegar þess er þörf samkvæmt reglum þjóðgarðsins.
- Kannaðir verði möguleikar þess að þjóðlenda austan við þjóðgarð verði hluti hans.
- Þjóðgarðurinn og Náttúrufræðistofnun, ásamt Náttúrustofu Vesturlands, vinni að vöktunar og rannsóknaráætlun.

# ÁRIÐ 2027

***Ferðaleiðir***

- Áætlun um uppsetningu kvíldarbekkja unnin.

***Vegir og bílastæði***

- Þjóðgarðurinn skoði skipulag við jökuljaðarinn í samstarfi við Vegagerðina.

***Annað***

- Áætlun verði unnin um auðveldara aðgengi að drykkjarvatni í Þjóðgarðinum með fjölgun vatnspósta, jafnt á gestastofnum sem utandyra.
- Á heimasíðu þjóðgarðsins verði settur upp verkefnabanki þar sem áhugafólk getur fundið verkefni til að vinna að.
- Á heimasíðu þjóðgarðsins verði sett upp svæði sérstaklega ætlað börnum og fræðslu fyrir þau.
- Sett verði upp færðsluskilti sem sérstaklega eru miðuð að börnum.
- Á heimasíðu þjóðgarðsins verði sett upp ítarefni og vefslóðir fyrir áhugafólk og kennara sem vilja fræðast um þjóðgarðinn og/eða vinna verkefni tengd honum.
- Fýsileikakönnun verði gerð varðandi aðstöðu til útivistar á Snæfellsjökli.




UMHVERFIS
STOFNUN